	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/6 2014
Málsnr:	1406379
Bréfal:	102



## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Til sveitarfélaga

Reykjavík 18. júní 2014  
Tilv.: IRR14060174/

Efni: Viðaukar við fjárhagsáætlanir.

Eins og kunnugt er voru ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 samþykkt á árinu 2011. Meðal nýmæla í lögnum eru ákvæði 64. gr. um fjárhagsleg viðmið. Það er mat ráðuneytisins að með tilkomu hinna nýju fjárhagslegu viðmiða hafi árangur náðst í fjármálum sveitarfélaga sem muni styrkja fjárhagsstöðu þeirra til lengri tíma lítið.

Í 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga er vikið að fjárhagsáætlunum og mikilvægi þess að um bindandi ákvörðun sé að ræða vegna fjármálanna. Í 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um viðauka við fjárhagsáætlun en þar segir að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslum milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Einnig segir að viðauki sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Vert er að áréttu að í lögnum koma fram skýr fyrirmæli um að ef ætlunin er að víkja frá fjárhagsáætlun þarf fyrirfram að afla heimildar til þess.

Á undanförunum mánuðum hafa ráðuneytinu borist fyrirspurnir um það hvernig staðið skuli að gerð slíkra viðauka. Ráðuneytið hefur ásamt reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga hafið undirbúning að heildarendurskoðun á reglugerðum um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og er fyrirhugað að þar verði meðal annars fjallað um form og efni viðauka við fjárhagsáætlun.

Þrátt fyrir að vinnu þessari sé ekki lokið er nú þegar í 63. gr. sveitarstjórnarlaga kveðið á um að viðauki sé „ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt“. Að álit ráðuneytisins felst í framansögðu að viðauki skuli innifela upplýsingar í formi tölulegra yfirlita um hvernig fjárhagslegar ráðstafanir viðaukans hafi í för með sér breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun.

Í auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001 með síðari breytingum eru í viðauka 2.9 og 2.10 að finna yfirlit rekstraráætlana og yfirlit sjóðstreymisáætlana en yfirlitin eru stöðluð form þar sem gerð er grein fyrir breytingum á upphaflegri fjárhagsáætlun að teknu tilliti til samþykktra viðauka. Er þarna um að ræða útfærslu á heildaráhrifum samþykktra viðauka fyrir annars vegar A-hluta og hins vegar A- og B-hluta. Vegna frekari útfærslu ákvörðunar um viðauka er það álit

ráðuneytisins að einnig skuli í viðauka gerð grein fyrir viðkomandi málaflokkum með tölulegu yfirliti en slíkt yfirlit er í samræmi við viðauka 2.5 auglýsingar nr. 790/2001.

Niðurstaða ráðuneytisins er því sú að samkvæmt núgildandi lögum, reglugerðum og auglýsingum þurfi þrír þættir að vera til staðar svo viðauki teljist gild útfærsla á ákvörðun sveitarstjórnar;

1. tölulegt yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka.
2. útfærsla á hvernig breytingum á fjárhagsáætlun skuli mætt.
3. tölulegt yfirlit um annars vegar upphaflega fjárhagsáætlun og hins vegar yfirlit um samþykkt viðauka. Saman mynda þessir liðir fjárhagsáætlun með viðaukum.

Viðaukar við fjárhagsáætlun eru nýmæli í sveitarstjórnarlögum og er viðaukunum ætlað að styrkja eftirlit og stjórnun vegna fjármála sveitarfélaga og ekki síst að gera skýrar formkröfur um þau frávik frá fjárhagsáætlun sem sveitarstjórn kann að þurfa að ákveða á hverjum tíma. Hlutverk viðauka er hins vegar ekki að gera grein fyrir frávikum á fjárhagsáætlun vegna ákvarðana sem búið er að framkvæma og hafa til að mynda í för með sér útgjaldaauka í rekstri. Viðaukunum er þannig ekki ætlað að þjóna hlutverki endurskoðunar á fjárhagsáætlunum, heldur til að afla fyrirfram fjárheimildar vegna nauðsynlegra frávika í rekstri sem ekki var áætlað fyrir.


Vegna hlutverks eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, er brýnt að viðaukar við fjárhagsáætlun séu settir fram á samræmdu formi. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru yfirfarnar árlega af nefndinni en það er einnig liður í eftirlitshlutverki nefndarinnar að fylgjast með því hvort fjárhagsáætlanir sveitarfélaga að teknu tilliti til viðauka gangi eftir. Reynist nauðsynlegt að víkja frá upphaflegri fjárhagsáætlun með samþykkt viðauka er mikilvægt að nefndin fái tækifæri til að yfirfara viðaukana svo hægt sé að meta hvort einstakar breytingar séu þess eðlis að þær fari gegn heildarmati á fjármálum viðkomandi sveitarfélags og séu í samræmi við fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga. Skilvirkt eftirlit nefndarinnar byggist þannig á greinargóðum upplýsingum um fjármálin til hagsbóta fyrir sveitarfélög. Ráðuneytið ítrekar jafnframt mikilvægi þess að viðaukum við fjárhagsáætlun sé skilað til ráðuneytisins í samræmi við 76. gr. sveitarstjórnarlaga en bréf þessa efnis var sent sveitarfélögum 15. janúar sl.


Meðfylgjandi bréfi þessu er að finna leiðbeinandi framsetningu um yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka (rekstur og fjárfesting) ásamt afriti af viðaukum 2.9 og 2.10 auglýsingar nr. 790/2001.

Það eru tilmæli ráðuneytisins að sveitarstjórnir yfirfari verklag við gerð viðauka með hliðsjón af ofangreindum upplýsingum og ef frekari spurningar vakna, um hvaða kröfur þurfi að uppfylla til að viðauki teljist gild útfærsla á ákvörðun sveitarstjórnar, eru sveitarstjórnir hvattar til að hafa samband við Eirík Benónýsson starfsmann ráðuneytisins, um frekari upplýsingar og samráð.

Óskað er eftir að bréfið verði lagt fyrir sveitarstjórn til umræðu.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Hermann Sæmundsson

VIÐAUKI 2.9

1100000  
102

Yfirlit rekstraráætlana

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekin reikningsáridi A og B hluta		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun ásamt viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun ásamt viðaukum
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....						
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....						
Aðrar tekjur .....	0	0	0	0	0	0
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld .....						
Breyting lífeyrisskuldabindinga .....						
Annar rekstrarkostnaður .....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	0	0	0	0	0	0
Afskriftir .....						
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	0	0	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....						
Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega lið	0	0	0	0	0	0
Óvenjulegir liðir .....						
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0	0	0

Dálkurinn „Viðaukar við fjárhagsáætlun“ er samanlögð fjárhæð allra viðauka á viðkomandi reikningsári.

VIÐAUKI 2.10

Yfirlit sjóðsstreymisáætlana

	Sveitarjóður A hluti			Samantekin reikningsáætl A og B hluta		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun ásamt viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun ásamt viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Niðurstæða ársins .....						
<b>Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>						
Sóluhagnadur eigna .....						
Reiknaðar afskriftir .....						
Verðbætur og gengismunur .....						
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....						
<b>Velufé frá rekstri</b>	0	0	0	0	0	0
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>						
Birgðir, lækkun (hækkun) .....						
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....						
Áðrar skammtimákrófur, lækkun (hækkun) .....						
Skammtimaskuldir, lækkun (hækkun) .....						
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....						
<b>Breytingar</b>	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	0	0	0	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....						
Sóhverð seldra rekstrarfjármuna .....						
Eigarhlutir í félögum, breyting .....						
Langtímaákrófur, breyting .....						
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	0	0	0	0	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Tekin ný langtímalán .....						
Afborganir langtímalána .....						
Viðskiptastæða við eigin fyrirtæki, breyting .....						
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting .....						
Önnur skammtímafjármögnun .....						
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	0	0	0	0	0	0
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	0	0	0	0	0	0
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	0	0	0	0	0	0

Dálkurinn „Viðaukar við fjárhagsáætlun“ er samanlögð fjárhæð allra viðauka á viðkomandi reikningsári.

Yfirlit í samræmi við auglýsingu nr. 790/2001 viðauki 2.5

102

### Fjárfesting

Viðauki við fjárhagsáætlun nr. XX  
Yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka

### Viðauki við fjárhagsáætlun

Nr.	Málaflokkur	Skýring	Viðauki Fjárfesting þús.kr.
<b>A-hluti</b>			
29	Efnahagur - aðalsjóður		
32	Eignasjóður - efnahagur		
34	Þjónustumiðstöð - efnahagur		
<b>A-hluti</b>			0
<b>B-hluti</b>			
Nr. Sjóðir, fyrirtæki og stofnanir í B-hluta			
61	Hafnarsjóður		
63	Vatnsveita		
65	Rafveita		
67	Hitaveita		
69	Fráveita		
71	Íbúðarhúsnæði		
77	Félagslegar þjónustustofnanir		
<b>B-hluti</b>			0
<b>A- og B-hluti</b>			0

### Samantekt allra viðauka

Upphafleg fjárhags- áætlun	Samtala viðauka	Fjárhags- áætlun m/ viðaukum
Fjárfestng	Fjárfestng	Fjárfestng
0	0	0
0	0	0
0	0	0

### Fjárfesting

Útfærð ákvörðun hvernig viðauka er mætt

Nr.	Aðgerð	Skýring	Samtals þús.kr.
XX	Handbært fé		
XX	Lántaka - langtímalán		
XX	Lántaka - skammtímalán		
XX	Sala fastafjármuna		
Aðrar aðgerðir sem sveitarstjórn tiltekur			
			0

**Rekstur**

Viðauki við fjárhagsáætlun nr. XX  
Yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka

Viðauki við fjárhagsáætlun

Samantekt allra viðauka

Nr.	Málaflokkur	Skýring	RT	RÚ	Samtals	Upphafleg	Samtala	Fjárhags-
			Rekstrar tekjur þús.kr	Rekstrar útgjöld þús.kr	viðauki RT-RÚ þús.kr.	fjárhags- áætlun	viðauka	áætlun m/ viðaukum
			Rekstrar- niðurstaða	Rekstrar- niðurstaða	Rekstrar- niðurstaða			
<b>A-hluti</b>								
00		Skatttekjur			0			
02		Félagsþjónusta			0			
03		Heilbrigðismál			0			
04		Fræðslu- og uppeldismál			0			
05		Meningarmál			0			
06		Æskulýðs- og íþróttamál			0			
07		Þrunamál og almannavarnir			0			
08		Hreinlætismál			0			
09		Skípulags- og byggingarmál			0			
10		Umferðar- og samgöngumál			0			
11		Umhverfismál			0			
13		Atvinnumál			0			
20		Framlög til B-hluta fyrirtækja			0			
21		Sameiginlegur kostnaður			0			
22		Breyting lífeyrissjóðsskuldbindingar			0			
27		Óvenjulegir liðir			0			
28		Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			0			
31		Eignasjóður			0			
33		Þjónustumiðstöð			0			
59		Aðrar A-hluta stofnanir			0			
91		Millifærslur			0			
<b>A-hluti</b>			0	0	0	0	0	0
<b>B-hluti</b>								
61		Hafnarsjóður			0			
63		Vatnsveita			0			
65		Rafveita			0			
67		Hitaveita			0			
69		Fráveita			0			
71		Íbúðarhúsnæði			0			
77		Félagslegar þjónustustofnanir			0			
89		Aðrar B-hluta stofnanir			0			
92		Millifærslur			0			
<b>B-hluti</b>			0	0	0	0	0	0
<b>A- og B-hluti</b>			0	0	0	0	0	0

**Rekstur**

Útfærð ákvörðun hvernig viðauka er mætt

Nr.	Aðgerð	Skýring	Samtals þús.kr.
XX	Handbært fé	Aðrar aðgerðir sem sveitarstjórn tiltekur	